

Skútustaðahreppur  
Dagbjört Bjarnadóttir,  
oddviti  
Hlíðavegi 6  
660 Mývatn

Umhverfisstofnun	
Áb. _____	
21. des. 2011 <i>10.4.3</i>	
Tilv. _____	



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 20. desember 2011  
Tilvísun: UST20111100181/ksj

### Reykjahlíð Mývatnssveit. Deiliskipulagslýsing. Umsögn

Vísað er til erindis oddvita Skútustaðahrepps er barst 15. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um deiliskipulagslýsingu á landssvæði sem afmarkast af gamla bæjarstæðinu í Reykjahlíð, Mývatnssveit.

Um er að ræða svæði þar sem eru reitirnir nr.101-O, 103-HV, 100-0/V, 105- Íb, 104-M og 87, og afmarkast af þjóðvegi 1 að vestan, vegi 850 og skipulagsmörkum Hlíðar ehf að norðan, gamla veginum að austan og Kollhól að sunnan. Ekki liggur neitt eldra deiliskipulag fyrir af svæðinu. Erfitt er að lesa í mörk svæðisins þar sem Hlíð ehf og skipulagsmörk hennar eru ekki merkt á kortið og Kollhóll er ekki merktur á kortið

Að mati Umhverfisstofnunar eru uppdráttir er fylgja lýsingunni fremur óskýrir bæði hvað varðar afmörkun svæðisins og afmörkun einstakra reita. Að mati stofnunarinnar mætti einnig koma skýrar fram lýsing t.d á áætluðu byggingarmagni gistirýma og hve mikilli íbúabyggð er áætlað að koma fyrir á svæðinu, svo lýsingin gefi einhverja hugmynd af því sem felst í tillögunni.

### Markmið og áherslur

Í lýsingunni kemur fram að markmið með deiliskipulagstillögunni er m.a. að efla yfirbragð og bæta ásýnd svæðisins. Einnig kemur fram í kafla um áherslur í lýsingunni að sveitarfélagið vanti miðstöð fyrir verslun og þjónustu og að þörf sé fyrir aukin umsvif í gistihúsarekstri. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að við áætlun frekari framkvæmda á svæðinu verði þess gætt að framkvæma sem mest á þegar röskuðum svæðum, en að hraun og aðrar jarðmyndanir og vistkerfi sem njóta sérstakrar verndar skv. 37. gr. laga nr. 44/1999 verði skilin eftir óröskuð milli byggingareita.

### Sjónræn áhrif

Umhverfisstofnun telur mikilvægt að við frekari uppbyggingu svæðisins verði mat á

sjónrænum áhrifum haft stöðugt að leiðarljósi. Svæðið við Mývatn er einstakt á heimsvísu. Uppbyggingin þarf að vera innbyrðis í jafnvægi þ.e. ný byggð taki mið af þeirri sem fyrir er, og síðan þarf að halda sjónrænum áhrifum byggðarinnar í heild sinni í lágmarki og þess gætt að hún fari vel í umhverfinu. Umhverfisstofnun bendir á að við hönnum mannvirkja skal þess gætt að þau falli sem best að svipmóti lands sbr. 34. gr. laga um náttúruvernd.

### Frárennsli

Þar sem áætlanir gera ráð fyrir fjölgun gistirýma og aukinni íbúðabyggð þarf að mati Umhverfisstofnunar að huga vel að frárennslismálum þar sem svæðið er mjög flatt og mjög „lágt yfir Mývatnsvatnsborði“, og bendir Umhverfisstofnun á reglugerð um fráveitu og skólp nr. 798/1999. Mikilvægt er að mati stofnunarinnar að áætlanir um aukna uppbyggingu fráveitu séu tímasettar. Umhverfisstofnun bendir á að afar mikilvægt er að áhrif mengunar frá byggðinni við Mývatn verði vöktuð til að meta álag á lífríki Mývatns.


### Verndarlína


Þar sem 200 metra verndarlínan fer um mörkin á ofangreindu svæði sem lýsing að deiliskipulagi fyrir Reykjahlíð fjallar um, telur Umhverfisstofnun mikilvægt að línan komi skýrt fram á væntanlegri deiliskipulagstillögu.

### Niðurstaða

Umhverfisstofnun gerir ekki aðrar athugasemdir við ofangreinda lýsingu, en telur upplýsingar um byggingarmagn skorta og kort er fylgja erindinu óljós ekki síst hvað varðar mörk svæða. Að mati stofnunarinnar er mikilvægt að skipulagstillagan verði unnin á loftmyndagrunn svo ekki fari á milli mála á hvernig svæði mannvirki eru áætluð og hvort ætlunin er að framkvæma á þegar röskuðu svæði eða svæði sem vegna fyrri framkvæmda hefur verið raskað.

Virðingarfyllst

  
Aðalbjörg B. Guttormsdóttir  
Deildarstjóri

  
Kristín S. Jónsdóttir  
Sérfræðingur

Skipulagsstofnun